

| tíska | heilsa | börn | listir | viðtöl | pistlar | matur | stjörnuspa |

# birta

● leysir sakamál

INGVAR E.  
SIGURÐSSON

» *Hræðist ekki Erlend*

LISTAMANNANÝLENDAN  
Í GRÓTTU

» Tunglið stjórnar  
opnunartímanum

MATUR

» Soðnir ávextir

TÍSKA

» Náttúruleg förðun

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN  
28. júlí - 3. ágúst

# Mondeo Trend Plus

# Söltilboð

Mán.gr. Bilasamningur  
Lýsingar og Brimborgar

# 27490

Sumarið er komið í Brimborg. Nú er rétta tækifærið til að fá sér nýjan bíl fyrir sumarfríð á sérstöku söltilboði Brimborgar. Skoðaðu góðan Bilasamning\* Lýsingar og Brimborgar - aðeins 20 prósent út og lágar mánaðargreiðslur. Skoðaðu Mondeo Trend Plus eða Focus C-Max Trend Plus frá Ford. Vertu í hópi þeirra bestu. Komdu í Brimborg.

## Við staðgreiðum gamla bílinn þinn

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt\*\* veljir þú bíl á góðu söltilboði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford á söltilboði.

  
Aflaðu þér  
frekari upplýsinga  
[www.ford.is](http://www.ford.is)

Focus C-Max Trend Plus  
**Söltilboð**  
**29.480\***  
(mán.gr. bilasamningur)

## Focus C-Max - eins og að vera á fyrsta farrými

Betra aðgengi, mikið rými og góð þjónusta eru atriði sem Focus C-Max eigendur sækjast eftir. Aðstaðan um borð getur vart verið betri. Allir sitja hátt með góða yfirsýn. Auðvelt að sinna yngri börnunum og færa þau í og úr barnabílstólum. Eldri börn sitja hvert fyrir sig í sérstöku sæti en þrjú sérstök aftursæti eru í Focus C-Max. Kerran fær einnig gott rými í skotti. Focus C-Max stenst ströngustu kröfur þýsku TÜV eftirlitstofnunarinnar við ofnæmisprófanir.



### Trend+

Focus C-Max Trend Plus  
2,0i 5 dyra, sjálfskiptur\*  
Bilasamningur 29.480 kr.  
Rekstrarleiga 42.600 kr.  
Verð án söltilboðs 2.590.000 kr.  
**Söltilboð 2.390.000 kr.**

**Komdu núna. Söltilboð Brimborgar  
gildir meðan birgðir endast.**



Nýtt tákni um gæði

### Trend+

Mondeo Trend Plus

2,0i 5 dyra, 5 gira\*

Bilasamningur 27.490 kr.

Rekstrarleiga 41.120 kr.

Verð án söltilboðs 2.350.000 kr.

**Söltilboð 2.250.000 kr.**

Söltilboð á sjálfskiptum

Mondeo Trend Plus:

TI viðbótar aðeins

140.000 kr.



## Í spennandi bíltúr í Ford GT?

Ofursportbíllinn Ford GT er kominn í sýningarsalinn. Komdu. Skoðuðu einn magnaðasta bíl sem framleiddur hefur verið.

**FORD GT**

Smelltu á [ford.is](http://ford.is) og taktu þátt í Happapotti Brimborgar og þú átt möguleika á bíltúr í Ford GT þegar liða fer á sumarið.

Nýttu þér sérstakt Trend-plús  
söltilboð Brimborgar:  
Ford Mondeo Trend Plus og  
Ford Focus C-Max Trend Plus.


Sumarið er  
í Brimborg




Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | [www.ford.is](http://www.ford.is)

\*í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk / 50% erl. myntkarta. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru akstur á tímabilinu \*\*Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum eru áfílgur.



En hvað sólsetrið er fallet ...  
Það er stórkostlegt ...  
Það er ...



Uss ...



**LOVELY BRILLE** *varalitir.*  
*Fyrir varir sem ljóma eins og sólir.*

**BOURJOIS**  
— PARIS —



16



36

### Þetta helst

- 7 Framkvæmdagleði á smíðavöllum
- 8 Heitt og kalt
- 10 Brennsla Leibba Djass
- 12 Hrund Ósk Árnadóttir: Hugljúft þjóðhátíðarlag

### Greinar og viðtöl

- 14 Svalt að vera í hjólastól: Götuheraðurinn
- 16 Hræðist ekki Erlend: Ingvar E. Sigurðsson
- 26 Listamannaylendan í Gróttu: Tunglið stjórnað opnunartímanum
- 28 Töffari sem lætur til sín taka: Lily Allen



24



14

### Hann/hún

- 24 Soðnir ávextir
- 32 Stíll stjarnanna: Paris Hilton
- 34 Brynhildur Björnsdóttir elur upp
- 34 Afbrýðisemi barna
- 36 Galdurinn bak við náttúrulega förðun
- 40 Jóhanna segir kynjasögur
- 40 Stjörnuþá
- 42 Sinn er siður ...
- 44 Holtt eða óholt vín
- 46 Aukin orka

### Í hverju blaði

- 48 Krossgáta
- 51 Sjónvarp næstu viku
- 68 Sudoku

**birta**

28. júlí – 3. ágúst 2006 nr. 30

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar  
 RITSTJÓRAR: Steinunn Stefánsdóttir (ábm.)  
 steinunn@frettabladid.is  
 Þörgunnur Oddsdóttir  
 thorgunnur@frettabladid.is  
 RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR:  
 Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 550 5000  
 DREIFING: Pósthúsið ehf., sími 585 8330

AUGLÝSINGAR:  
 Jón Laufdal / jon@frettabladid.is  
 Sölustjóri / 550 5845 / 899 0797  
 Guðný Magnúsdóttir / gudnymagg@365.is  
 Markaðsfulltrúi / 550 5854 / 866 0796  
 Gréta Karen Grétarsdóttir / gretakaren@frett.is  
 Markaðsfulltrúi / 550 5864 / 846 5772  
 Auður Harpa Andrésdóttir / audur.harpa@365.is  
 Markaðsfulltrúi / 550 5828 / 892 8873

UMBROT: 365 – prentmiðlar  
 Arnór Bogason og Linda Stefánsdóttir

PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf.  
 FORSÍÐUMYND: HÖRÐUR  
 NETFANG: birta@frettabladid.is  
 Birta er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi og Hveragerði.

# 0 kr. alltaf

Viðskiptavinir í **Og1** greiða ekkert fyrir takmarkalaus notkun milli allra heimasíma innanlands.

Heimili sem eru með allt hjá **Og Vodafone**, GSM, Heimasíma og Internet geta skráð sig í **Og1**.

**Auðvelt að skipta.**

Það er ekkert mál að skipta um símafyrirtæki eða almennt að skrá sig í **Og1**. Hringdu núna í **1414** eða smelltu þér á [www.ogvodafone.is](http://www.ogvodafone.is) og skráðu þig og þína.

Mánaðargjald heimasíma er 1.390 kr.

**Og1**



**Og Vodafone** hefur leitt samkeppni á íslenska fjarskiptamarkaðnum og fært neytendum betri þjónustu og lækkað verð.

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á [www.ogvodafone.is](http://www.ogvodafone.is) fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.



Heyrumst!



## Ungir smíðameistarar

# Framkvæmdagleði á smíðavöllum

Texti: JÓHANNA SVEINSDÓTTIR Mynd: VALLI

Yfir sumartímann nota mörg börn frítímann til að smíða sér hús á smíðavöllum víða um land. Sköpunar og framkvæmdagleðin fær þá að njóta sín enda er alltaf mikið afrek að byggja heilt hús á einu sumri einn og óstuddur. Á smíðavöllum má smíða alls kyns hluti bæði stóra og smáa og mála þá í öllum regnbogans litum. Því er ekki eingöngu gaman fyrir unga smíðameistarar að eyða tíma sínum á smíðavöllum heldur hafa fullorðnir kvöldgöngugarpar einnig gaman að því að berja verkin augum.

Nú þegar líða er tekið á sumar leggja börnin lokahönd á verkin sín og stolt geta þau lagt frá sér hamar og sög og komið fyrir litlum húsgögnum í nýja ævintýrahúsinu sínu. Mörg barnanna flytja svo húsin sín heim í garð þar sem hægt er að njóta þeirra allan ársins hring. Þeir sem hafa hug á að hraðbyggja einn garðkofa eða berja unga framkvæmdagleði augum hafa viku til verksins, þar sem smíðavellirnir eru starfræktir til 4. ágúst. Hægt er að sjá lista yfir smíðavelli í Reykjavík á heimasíðu ÍTR, [www.itr.is](http://www.itr.is).

## heitt & kalt |

**Heitt**

**MAGNI, EÐA MAGNI-MAGNIFICENT** fyrir að leiða enn netkosninguna í Rock star: Supernova.

**MÁLVERKIÐ** sem virðist vera að komast aftur í tísku hérlendis, þótt langt sé síðan það átti endurkomu í útlöndum.

**ÚTILEGUR** eru vinsælar á sumrin en hafa átt svoltið erfitt uppdráttar í ár.

**GJÖRNINGAR** Er ekki komin svoltítil þreyta í lið sem makar á sig blóði eða étur ullarsokka?

**FIGURÐARSAMKEPPNIR** það er mesta furða að ekki skuli vera búið að leggja þessa búgrein af fyrir löngu.

**Við stofuhita**

**Hvorki heitt né kalt**

**Ískalt**

## Kvikmyndahúsin » Tími stóru sumarsmellanna

Hollywood keppist nú við að dæla yfir okkur sumarsmellum af misjöfnum gæðum. Allt frá ódýrum hryllingsmyndum til rándýrra tæknibrelluveislna. Superman flýgur um loftin blá, Jack Sparrow heldur ævintýrum sínum áfram í Pirates of the Caribbean, og Jamie Fox og Colin Farrell skjóta án efa einhverja vonða gæja í Miami Vice.



## Litríkir og þægilegir » Krókódílasandalar

Vinsældir hinna fjórlegu og marglitu crocs sandala virðast vera að smitast til Íslands. Sandalarnir njóta mikillar hyllni bæði í Bandaríkjunum og Evrópu og þykja bæði þægilegir og á einhvern hátt sætir þótt ekki séu þeir beint nettir á fæti.

Sandalarnir eru léttir, enda úr sama efni og millisólinn í íþróttaskóm. Þeir henta vel í vinnuna, útileguna eða til að rölta um bæinn í góðu veðri.



## Töskuhengi » Ávallt þér við hlið



Nýjasta æðið í dag er svokallaður ferðahanki. Hankinn tekur lítið pláss í veskinu og þegar komið er á kaffihús er honum komið fyrir á borðinu og taskan hengd upp. Þá er taskan ávallt við hlið eiganda síns svo enginn steli henni, auk þess sem konur eru alltaf ákaflega fagnar því að þurfa ekki að geyma töskuna sína á gólfinu.

Hankinn fæst í Villeroy og Boch í Kringlunni.

## Ferðamenn » Excuse me



Erlendir ferðamenn spretta nú upp eins og gorkúlur um allt land, enda er háannatími ferðalanganna um þetta leyti. Snemma á laugardagsmorgnum sjást ferðamennirnir rölta sársvangir í angist upp og niður Laugavegin, forviða yfir því að hver einasta búlla sé með læstar dyr. Ef veðrið er gott rölta þeir um með kortið á lofti og annkannalegur framburður á götunöfnum eins og Bergstaðastræti eða Urðarstígur villa um fyrir hjálplegum Íslendingum sem reyna að vísa ferðamönnum á réttan stað í fríinu. Sé rigning og kuldi hverfa ferðamennirnir undir regnslár og úlpunni er rennt upp fyrir nef. Svo hverfa þeir einn af öðrum aftur til síns heima þar til annar ferðamannafaraldur tekur við næsta sumar.





# Veldu möguleika

Innréttingar í öll herbergi  
heimilisins.

Fagleg ráðgjöf og glæsilegur  
sýningarsalur.



*Óteljandi möguleikar*

Mörkinni 1 108 Reykjavík  
sími 515 0700 [www.jke-design.is](http://www.jke-design.is)



## Lög sem mér þykir vænt um

Leifur Jónsson, eða Leibbi Djass eins og hann er oft kallaður, er básúnuleikari í BennaHemmHemm og hljómborðsleikari í hljómsveitinni Forgotten Lores. Síðustu daga hefur hann verið að taka upp nýja plötu með BennaHemmHemm og er fyrirhuguð tónleikaferð meðal annars til Japans á næstunni. Leibbi Djass setti saman brennslu fyrir Birtu með þeim lögum sem komu helst upp í hugann. „Ég er voðaleg alæta á tónlist þótt ég fli kannski rokkið best. Ég valdi lög sem ég tengi við staði og minningar og það snertir á mörgum flötum, allt frá djassi í rokk. Útkoman er listi af þeim lögum sem skipta mig mestu máli og sem mér þykir einna vænst um. Af nógu var að taka en þetta var það sem ég sigtaði úr.“

- LAG 1** **Cyndi Lauper - Girls just want to have fun.** Ofspilaði þetta lag milli 4-7 ára aldurs. Man hvað mér þótti miður að vera ekki stelpa.
- LAG 2** **Pink Floyd - Shine On You Crazy Daimond.** Elsti bróðir minn hann Danni Bé á heiðurinn á að hafa kynnt mig fyrir þessari snilld.
- LAG 3** **Queen - You're my best friend.** Sturtulagið mitt.
- LAG 4** **Miles Davis - Freddy Freeloader.** Uppáhaldslagið mitt af plötunni Kind of Blue. Mjög svefnvænt lag.
- LAG 5** **Led Zeppelin - Since I've Been Loving You.** Leibbi og Leibbi. Veitið ískrinu í trommunum sérstaka eftirtekt.
- LAG 6** **Paul Simon - 50 ways to leave your lover.** Erfitt að dansa ekki við þetta lag. Takturinn er seiðandi.
- LAG 7** **Hjálmar - Ég vil fá mér kærustu.** Gott lag til þess að spila upp Skólavörðustíginn, í rígingu.
- LAG 8** **Kashmir - Rocket Brothers.** Dönsk hljómsveit sem ég hef mikið dálæti á. Gúglið myndbandinu við lagið.
- LAG 9** **Óskar Guðjónsson & Eypór Gunnarsson - Í hjarta þér.** Af dúóplötu þeirra félaga sem ber nafnið Keldulandið. Hjartnæm plata.
- LAG 10** **Björgvin Halldórsson - Ástin.** Eina almennilega íslenska hetjulagið um ástina. Við þetta vanga ég. Bravó fyrir Bó.



## » birta mælir með ...

### ... VIÐKOMU Í ÞÓRBERGSSETRINU AÐ HALA Í SUÐURSVEIT

Sýningarnar þar eru gæddar lífi með ýmsum hætti svo auðvelt er að upplifa heim Þórbergs, samtímamanna hans og sögupersóna. Svo er hægt að kaupa kaffi og kruðerí, panta silung eða súpukjöt og horfa út á sama himinbláa lónið og meistarinn hafði fyrir augunum í uppvexti sínum. Það er hátíðlegt.



### ... TIRED OF HANGING AROUND

með hinu bráðskemmtilega Liverpool bandi The Zutons. Hresst sumarrokk sem kemur manni í ljómandi gott skap, sama hvernig viðrar. Lagið Oh Stacey (Look What You've Done) stendur þó algerlega upp úr ásamt You've Got A Friend In Me.

### ... VEITINGASTAÐNUM SILFRI Á HÓTEL BORG

Staðurinn hefur fengið mikið umtal síðan hann opnaði og ekki að ástæðulausu. Maturinn er hreint út sagt frábær og fallega fram borinn. Allir réttir koma í forréttarstíl og því er hægt að smakka marga mismunandi rétti. Öll umgjörð staðarins kallar á skemmtilega stemningu hjá matargestum. Í fyrstu heimsókn á Silfur mælir Birta með Flavoursmenu.



## Talandi hjálparkokkar

## NÝTT

Það nýjasta í vefhönnun og forritun er eins konar hjálparkokkur sem hægt er að bæta á síðuna sína til að fanga athygli netverja og aðstoða þá.

Snillingarnir hjá Oddcast hafa búið til forrit sem auðveldar heimasíðueigendum að halda úti sínum eigin hjálparkokki. Á heimasíðunni [www.sitepal.com](http://www.sitepal.com) er hægt að „leigja“ hjálparkokk sem er hægt að breyta, bæði í útliti og röddu, og setja á hvaða síðu sem er.

Hjálparkokkurinn getur sinnt margvíslegum störfum, eins og til dæmis að lesa upphátt upplýsingar um vöru á meðan myndir af henni eru skoðaðar. Hann getur líka vakið athygli á sérstökum hlekkjum eða hlutum síðunnar, boðið gesti velkomna eða sagt nýjustu fréttir.





# Vegurinn liggur austur



- Íbúafjöldi 3.900
- Viðfeðmasta hérað landsins
- Krossgötur Austurlands
- Veðursæld
- Einstæð náttúruvegurð
- Blómleg menning

**Egilsstaðir**  
**Fellabær**  
**Eiðar**  
**Hallormsstaður**  
**Brúarás**

Peir sem sækjast eftir náttúru sem á sér enga hliðstæðu, betra veðri en almennt má búast við á Íslandi og kraftmiklu mannlífi og menningu, ættu að fylgja veginum austur á Fljótshérað. Á sólríkum sumardegum er hvergi betra að vera. Hvort sem þú átt leið um eða vilt dveljast um lengri tíma ertu ávallt velkominn.

**Fljótshérað – hvergi annarsstaðar**



Viðtal: SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR  
Myndir: HRÖNN

## » HUGLJÚFT ÞJÓÐHÁTÍÐARLAG «

Hrund Ósk Árnadóttir er ung söngkona sem vakið hefur athygli fyrir góða túlkun á djass- og blúslögum. Hún syngur einnig þjóðhátíðarlagið í ár sem ber nafnið Ástfangin í þér og er lag og texti eftir Magnús Eiríksson.

### HVERNIG MYNDIR ÞÚ LÝSA ÞJÓÐHÁTÍÐARLAGINU?

Ég myndi segja að lagið væri svolítið „Megaslegt“ en samt blanda tónlistarstíla, allt frá kántrí til keltneskra áhrifa. Annars er mjög erfitt að útskýra lagið.

### HVERNIG KEMUR TIL AÐ ÞÚ SYNGUR ÞETTA LAG?

Ég var að syngja með þeim Magnúsi Eiríkssyni, Pálma Gunnarssyni, Gulla Briem og fleiri góðum fyrir norðan á Blúshátíðinni í byrjun júní. Maggi hafði verið beðinn um að semja þetta lag og hann bað mig síðan að syngja lagið.

### HVERNIG HÓFST SAMSTARF YKKAR MAGGA?

Ég vann söngkeppni framhaldsskólanna í fyrra og sá háttur er hafður á að á næstu söngkeppni er vinningshafinn frá árinu

áður fenginn til að vera með skemmtiatriði. Maggi sá mig þar og síðar fékk ég tölvupóst frá Pálma þar sem hann var að segja mér frá blúshátíðinni, Mannakornum og Blúskompaníinu.

### HVERNIG ER AÐ UMGANGAST ÞESSAR POPPGÖÐSAGNIR?

Það hefur verið mjög gaman og ómetanlegt að vinna með svona reyndum mönnum. Þeir kunna þetta allt og maður fær allt beint í æð. Þetta er allt öðruvísi en að byrja með eigin hljómsveit.

### HVENÆR FÉKKSTU AÐ VITA AÐ ÞÚ ÆTTIR AÐ SYNGJA ÞJÓÐHÁTÍÐARLAGIÐ Í ÁR?

Þetta var mjög stutt ferli. Ég fékk að vita þetta tveimur dögum fyrir upptökuna. Það var hringt í mig klukkan átta á þriðjudagskvöldi og ég beðin að syngja þetta lag. Maggi hafði verið kominn fyrir til að taka

upp gítarinn, og raulaði lagið um leið. Ég hlustaði á lagið og lærði það einn, tveir og þrír.

### HVERNIG LÍKAR ÞÉR LAGIÐ?

Mér finnst það skemmtilegt. Það er öðruvísi en flest þjóðhátíðarlag, ekki svona að sitja í brekkunni og djamma heldur er það hugljúft og vinnur virkilega á við hlustun.

### HVAÐ ER NÆST Á DAGSKRÁ HJÁ ÞÉR?

Útgáfufyrirtækið Sögur er að stefna að því að koma út keltneskri plötu með ýmsum þjóðlegum írskum og keltneskum lögum og ætlunin er að fá ýmsa þekktu söngvara til að syngja inn á þá plötu. Þetta er fyrsta verkefni mitt með þeim. Svo erum við örugglega að stefna að því að gefa út plötu með mér á næsta ári sem yrði örugglega djass- og blúsplata en það er það sem ég geri best.

**Acer  
TM2424WXCI**



1.6GHz Celeron M 380  
512MB DDR vinnsluminni  
40GB SATA harður diskur  
CD-RW/DVD combo-drif  
14.1" WXGA LCD  
Windows XP home  
2,4Kg

**69.500,-**

**Tilboðsturn 1**



Sempron64 3000+  
512MB DDR-400  
80GB harður diskur  
DVD-ROM 16-hraða  
GeForce 6100 með  
allt að 128MB  
Aspire turnkassi  
An stýrikerfis

**35.000kr**

**Acer  
Aspire 3005WLCI**



2.0GHz Sempron 3300+  
512MB vinnsluminni  
80GB harður diskur  
CD-RW/DVD combo  
15.4" WXGA LCD  
Windows XP pro  
2,8Kg

**89.500,-**

**Averatec  
AV3715**



1.8 GHz Sempron 3000+  
512MB DDR vinnsluminni  
80GB ATA Harður diskur  
12" XGA LCD skjá  
DVD-RW DL drif  
Win XP home  
FireWire  
Kortalesari  
Aðeins 1,9Kg

**99.500,-**

**Averatec  
AV7115**



1.8GHz Sempron 3000+  
512MB vinnsluminni  
80GB harður diskur  
17" Averabrite WXGA  
DVD-RW "dual-layer"  
Radeon Xpress200  
Firewire, S-Video  
Win XP home  
Aðeins 3.2Kg

**115.500,-**

**Averatec  
AV2460**



Core Duo T2300  
1.66GHz dual-core  
1GB Vinnsluminni  
80GB SATA diskur  
DVD-RW DL drif  
12" Averabrite WXGA  
FireWire, kortalesari  
Windows XP home  
Þyngd aðeins 1,94Kg

**139.500,-**

**Acer  
TM 422WLM1**



Intel Core Duo T2300  
1.66GHz, 4MB L2 cache  
1GB DDR2 vinnsluminni  
120GB SATA harður diskur  
DVD-RW "Super multi" drif  
IntelGMA950 allt að 224MB  
15.4" WXGA 1280x800  
Innbyggður kortalesari  
3 tíma rafhlöðuending  
Windows XP Professional  
Þyngd 3,0Kg

Verð aðeins: **129.500,-**

**Alvöru tilboð  
á alvöru fartölvum**

Averatec fartölvunar sameina glæsilega hönnun, notagildi, og léttleika á sambærilegu verði og tölvur sem eru um helmingi þyngri. Komdu og njóttu góðra verða á öllu tölvukyni.

Öllum tölvum fylgir 2 ára ábyrgð.

Opnunartímar

Virka daga - 10:00-18:00

Laugardaga - 10:00-16:00

**Averatec  
AV1050**

Pentium M 733 ULV 1.1GHz  
512MB vinnsluminni  
80GB harður diskur  
CD-RW/DVD  
Innbyggð drif  
10.6" WXGA  
LCD með Averabrite  
Windows XP home  
Aðeins 1,6Kg með rafhlöðu!

**145.000,-**

**Averatec  
AV4360**



Core Duo T2300  
1.66GHz dual-core  
1GB vinnsluminni  
80GB harður diskur  
DVD-RW "dual-layer"  
13.3" Averabrite  
WXGA LCD  
FW, S-Video  
Windows XP home  
Aðeins 2,08Kg

**147.500,-**

**Super Talent  
Mega Screen**



Mp3 spilar, útlarp  
upptökutæki, mynda-  
albúm, videospilari og  
minnskubbur allt í tæki  
sem er á stærð við  
kreditkort!

1GB: **12.900,-**

2GB: **16.900,-**

# SVALT AÐ VERA Í HJÓLASTÓL

» Í sumar hafa nokkur hress ungmenni unnið að því að bæta ímynd hreyfihamlaðra með því að halda úti heimasíðu með myndböndum og ýmsu efni á netinu. Hópurinn kallar sig Götuhernaðinn og vinnur verkefnið í samstarfi við Ný-ung, Reykjavíkurborg og Hitt húsið.

Texti: ÞÓRGUNNUR ODDSDÓTTIR

Myndir: HÖRÐUR OG GÖTUHERNAÐURINN

Andri Valgeirsson, Höskuldur Þór Höskuldsson, Ásgeir Einarsson og Leifur Leifsson eru meðlimir í Götuhernaðinum. „Við erum níu í þessu allt í allt,“ útskýrir Leifur en þegar blaðamaður hittir strákana er verkefninu formlega lokið. „Þetta var sex vikna verkefni en við ætlum að halda eitthvað áfram,“ segir Andri og bætir því við að nokkur myndbönd séu enn í vinnslu og stefnt sé að því að halda lífi í heimasíðunni áfram. „Heimasíðan hefur verið aðalmálið hjá okkur í sumar og í rauninni er alla okkar vinnu að finna þar,“ útskýrir Leifur en á síðunni [www.oryrki.net](http://www.oryrki.net) er að finna ljósmyndir og myndbönd sem strákarnir hafa gert. „Við vildum gera lifandi síðu þar sem alltaf væri eitthvað nýtt um að vera og ég held það hafi bara tekist vel til,“ segir Ásgeir.

Myndböndin á síðunni eru flest í auglýsingastíl og vísa til auglýsinga sem eru í spilun og almenningur þekkir. Þannig hefur Landsbankaauuglýsingunni „Við elskum fótbolta“ verið breytt í auglýsingu þar sem hreyfihamlaðir koma saman og spila boccia undir einkunnarorðunum „Við elskum boccia.“ „Það var einhverj veginn einfaldast að taka auglýsingar og gera grín að þeim til að koma boðskap okkar á framfæri. Við viljum sýna fram á að það sé ógeðslega töff að vera í hjólastól,“ segir Leifur og Ásgeir bætir því við að þeir hafi viljað gera þetta dálítið kalt og beinskeytt til þess að sýna að öryrkjar og hreyfihamlaðir geti gert grín að sjálfum sér. „Við höfum fengið mjög góð viðbrögð en auðvitað þykir alltaf einhverjum svona grín ósmekklegt,“ segir Höskuldur. „Það breytist þó um leið og fólk fer að skilja konseptið.“

Þeir félagar eru sammála um að viðhorf almennings til öryrkja og hreyfihamlaðra sé fremur neikvætt. „Fólk er bara ekki alveg klárt á því hvort það megi hlæja,“ segir Leifur og Andri bendir á að viðhorfið sé orðið frekar þreytt. „Við vildum hressa upp á ímyndina. Margir hafa þá mynd af öryrkjum að þeir séu hálfgerðir aumingjar sem gera ekki neitt allan daginn og kvarta stöðugt.“ „Við vildum líka sýna að það er til ungt, fatlað fólk sem er að gera góða hluti,“ bætir Leifur við. Andri segir að það sé líka algengt að fólk viti ekki hvernig það eigi að haga sér innan um fatlaða. „Stundum er komið fram við mann eins og maður sé þriggja ára og kunnir ekki neitt,“ segir hann. „Fatlaðir eru að verða sýnilegri í þjóðfélaginu og þetta verkefni er í rauninni bara liður í því. Það er nýtt að ungt fólk í hjólastólum sé að trana sér fram en það er líka þörf á því,“ bendir Leifur á.

Þótt verkefninu sé formlega lokið ætla strákarnir að halda áfram. „Við erum ennþá með einhver myndbönd í vinnslu og svo erum við að gera myndband við lag sem er að finna á heimasíðunni,“ segir Höskuldur.



Höskuldur, Ásgeir, Leifur og Andri.





Á heimasíðunni er að finna margt sniðugt. Meðal annars þessa nýju útgáfu af Mastercard merkinu.

Oryrk net  
-Ákafur stuðningsaðili öryrkja



Við tókum á „Landsbankaauuglýsingunni“ Við elskum boccia.



# Þrjár af hverjum fjórum lesa Birtu

Samkvæmt nýjstu könnun Gallup\* lesa yfir 74% af konum á aldrinum 18 til 49 ára á Suðvesturhorninu tímaritið Birtu. Þetta þýðir að 3 af hverjum 4 konum lesa tímaritið sem auk þess hefur afgerandi forystu meðal annarra þjóðfélagshópa. Lesturinn á Birtu hefur aldrei mælst meiri.

**Hvar birtist auglýsingin þín?**



Mest lesna tímarit landsins

# HRÆÐIST EKKI ERLEND

Bækurnar um rannsóknarlögreglumanninn Erlend hafa selst í milljónum eintaka um allan heim. Skapari hans, Arnaldur Indriðason, hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir bækurnar svo það kom engum á óvart er tilkynnt var að Erlendur væri á leið upp á hvíta tjaldið. Það kom hins vegar Ingvari Eggerti Sigurðssyni leikara á óvart að það kæmi í hans hlut að túlka geðstirða lögreglumanninn í mynd Baltasar Kormáks, Mýrinni.

Ég hafði ekki kynnt mér bækurnar um Erlend þegar ég var kallaður í prufu svo ég vissi lítið um hann," segir Ingvar og tekur fyrsta sopann úr kaffibollanum. „Ég var búinn að heyra að hann væri miklu eldri en ég og því gerði ég mér litlar vonir. Síðan var hringt í mig mörgum mánuðum seinna og ég spurður hvort ég vildi ekki taka að mér hlutverkið og auðvitað sagði ég já.“

Allir sem lesið hafa einhverja af bókum Arnaldar hafa ákveðna mynd í huga af Erlendi. Ingvar segist ekki hræddur við að passa ekki inn í þá ímynd. „Ég reyni bara að gera þetta frá mínu brjósti eins vel og ég get," segir Ingvar. Hann bendir einnig réttilega á að það sé furðulega lítið af útlitslýsingum á Erlendi, ekki bara í Mýrinni heldur í öllum bókunum. „Þetta er rétt eins og þegar ég lék Bjart í Sumarhúsum. Allir höfðu ákveðna mynd af honum í huga og sú mynd var ekki eins hjá hverjum og einum. Það sama á við um Erlend," segir Ingvar.

## ERLENDUR OG MÝRINN

Þegar ljóst var að Ingvar myndi leika Erlend fór hann smátt og smátt að lesa bækur Arnalds og hægt og rólega mótaði hann sína eigin mynd af Erlendi. Hann las þó ekki allar bækurnar í einum rykk af þeirri einföldu ástæðu að hann tímdi því ekki. Hann geymdi sér tvar þeirra, Kleifarvatn og Röddina, þar til tókur voru hafnar á Mýrinni. Þetta gerði

hann til að fá nýjar víddir og aðra sýn á hlutverk Erlends. „Það var gagnlegt að lesa meira þegar maður var byrjaður að túlka persónuna," segir Ingvar. „Mér fannst líf persónunnar öðlast einhvern þéttleika og stærð þegar ég gat skotist og lesið kafla í fríði á meðan verið var að undirbúa næsta atriði.“ Annað sem Ingvar gerði til að undirbúa sig fyrir tókur var að kynna sér starf rannsóknarlögreglunnar. Hann átti nokkra fundi með lögreglumönnum sem voru mjög liðlegir að útskýra minnstu smáatriði fyrir Ingvari. Farið var í hegðun og verklag rannsóknarlögreglunnar á glæpavettvangi og segir Ingvar að það sem sést í myndinni sé nokkuð nærri því sem gerist í raunveruleikanum. „Það er eins og einhver sagði: Við getum alveg lítið framhjá hlutum þó svo þeir séu ekki nákvæmlega eftir raunveruleikanum. Bara ef þeir eru vel gerðir og vel leiknir og engin fáránleg mistök eru gerð," segir Ingvar og hlær. „Nei, annars átti ég, og öll pródúksjónin, mjög gott samstarf við lögregluna.“

Ingvar segist líka hafa ósjálfrátt byrjað að horfa á breska og ameríska lögregluþætti í sjónvarpinu. Hann komst fljótlega að þeirri niðurstöðu að Erlendur ætti illa heima í þeim flokki. „Ef ég myndi leika Erlend eins og lögreglumennirnir eru leiknir í sumum þessara þátta myndi hann verða fáránlegur," segir Ingvar og ranghvolfir augunum. Blaðamaður getur tekið undir það enda hryllir honum við þeirri tilhugsun að sjá Erlend í ljósum jakka-

fötum með byssu í hönd leitandi að húðflögum ásamt myndarlegu félögum sínum í C.S.I. Miami.


## ÁNÆGJULEG REYNLSLA

Ingvar er í fríðu föruneyti leikara í Mýrinni og ef marka má samvinnu þeirra og Baltasars í Péttri Gaut í Þjóðleikhúsinu er von á góðu. Ingvar hefur þekkt Baltasar lengi og unnið með honum að fjölda verkefna og skilar sú samvinna sér í miklum skilningi þeirra á milli. Baltasar og Ingvar voru frá upphafi á sömu línu um hvernig túlka ætti Erlend og um leið og Ingvar villtist af þeirri línu voru þeir samstíga í að komast aftur á rétta braut. „Þetta er í fyrsta sinn sem ég vinn með Baltasari sem leikstjóra í kvikmynd og það var mjög ánægjuleg reynsla," segir Ingvar. „Við komum beint úr Péttri Gaut og komum ánægðir en þreyttir út úr þeirri vinnu. Við tókum smá frí og söfnuðum kröftum og héldum svo áfram vinnunni í Mýrinni.“

Aðrir aðalleikarar í Mýrinni eru Ólafía Hrönn, sem á dögnum hlaut Grímuna, Björn Hlynur og hin unga Ágústa Eva Erlendsdóttir. Á meðan tókum stóð var Ágústa í óða önn að undirbúa sig fyrir Aþenuævintýri sitt sem hin misvinsæla Silvía Nótt. „Það var frábært að fá hana og við áttum afskaplega auðvelt með að vinna saman. Mér fannst mjög gott að leika á móti henni og mér fannst við ná vel saman," segir Ingvar.

Oft vill verða að sögur taki miklum breyt-





*„Þetta er í fyrsta sinn sem ég vinn með Baltasari í kvikmynd og það var mjög ánægjuleg reynsla. Við komum beint úr Pétri Gaut og komum ánægðir en þreyttir út úr þeirri vinnu. Við tókum smá frí og söfnuðum kröftum og héldum svo áfram vinnunni í Mýrinni.“*



ingum frá bók og yfir í bíómynd. Ingvar vill meina að aðdáendur Arnaldar þurfi ekki að óttast slíkt í Mýrinni. Auðvitað þurfi að breyta ýmsum atriðum vegna þess hversu frábrugðið frásagnaform kvikmyndir og bækur séu, en í öllum meginatriðum sé myndin trú bókinni. „Baltasar skrifaði handritið að myndinni en Arnaldur las það svo yfir,“ segir Ingvar. „Ég held að hann hafi gert einhverjar orðalagsbreytingar en annars var hann sáttur við handritið, er mér sagt.“

#### DREYMIR EKKI UM HOLLYWOOD

Ingvar hefur leikið í ýmsum myndum á síðustu árum, bæði erlendum og innlendum. Íslendingar flyktust í bíó til að sjá hann í K-19: The Widowmaker, þar sem hann lék á móti ekki ómerkari mönnum en Harrison Ford og Liam Neeson. Við heimkomuna var

Ingvar sífellt spurður hvort stjórnurnar væru ekki prýðismenn, hvort þeir væru ekki allir orðnir perluvinir, og hvort Ingvar hefði ekki fengið stjórnumeðferð? Ingvar brosir þegar blaðamaður minnst á Ford og Neeson eins og hann hafi vitað að þá myndi bera á góma. „Það er svo skrítið að það er sama tungumál talað og það gilda sömu reglur hvar sem þú ert að gera kvikmynd, sama með hverjum það er. Munurinn er bara sá að batterið er mun stærra úti og það getur verið þungt í vöfum,“ segir Ingvar. „Hérna heima er maður að vinna með fólki sem maður þekkir vel og hlutirnir geta gengið smurt og hratt fyrir sig. Mér finnst skemmtilegra að vinna við slíkar aðstæður því þá er maður öruggari með sig og alveg á heimavelli. Hitt er líka skemmtilegt, að kynnast nýju fólki sem vinnur í sama fagi. Þá kemst maður að því að

það eru allir að vinna að því sama og leita að því sama.“ Fyrir skemmstu munaði litlu að Ingvar hreppti hlutverk munksins Silas í The Da Vinci Code. Hnossið féll að lokum í skaut Paul Bettany en Ingvar komst alla leið í lokartakið fyrir hlutverkið. „Ég er ekki vanur að stressa mig fyrir þessar prufur en ég verð að viðurkenna að ég var orðin svolítið spenntur í lokin,“ segir Ingvar.

Þrátt fyrir að hafa fengið smjörþefinn af draumaborginni dreymir Ingvar ekki um að komast að í Hollywood. Hann vinnur ekki sérstaklega að því öðruvísi en að umboðsmaður hans í Bretlandi sendir hann í ýmsar misstórar prufur fyrir misstór hlutverk. „Hann hefur tvisvar sinnum spurt mig ofurvarlega hvort ég vilji leika í auglýsingum og ég hef svarað játandi, en bara ef þær eru ekki sýndar á Íslandi,“ segir Ingvar og hlær. Það þurfti smá

# Frjóofnæmi - og lyfið **Livostin**



**Frjóofnæmi** er algengur kvilli sem hrjáir marga yfir vor og sumarmánuðina. Einkenni ofnæmis frá augum eru kláði, augnrennsli, roði og bólga en frá nefi kláði, hnenni, nefrennsli og nefstífla. Einnig getur fylgt þreyta og þirringur. Gras- og birkifrjókorn eru þekktir ofnæmisvaldar og valda því sem í daglegu tali er kallað frjóofnæmi.

Þegar ferðast er úti í náttúrunni á vorin og sumrin er snertingin við ofnæmisvaldinn mikil og oft óhjákvæmileg og einkennin magnast upp. Það getur haft mikil áhrif á suma einstaklinga sem þjást af frjóofnæmi, jafnvel svo mikil að þeir forðast alfarið ferðalög, útilegur o.s.frv.

En það er til lausn á þessum vanda, því í apótekum er hægt að fá án lyfseðils lyf, sem dregur úr þessum einkennum. Lyfið heitir **Livostin®** og verkar staðbundið gegn ofnæmisbólgu í nefi og augum. Lyfið þarf ekki að nota fyrirbyggjandi heldur er hægt að nota það eftir þörfum þegar einkennin koma fram og verkar það mjög fljótt, eða innan 15 mínútna. **Skömmtun Livostin® er einföld:** Augndropar: 1 dropi er notaður í hvort auga kvölds og morguns, en má auka upp í fjögur skipti á dag. Nefúði: 2 þúst í hvora nös kvölds og morguns. **Sama skömmtun er fyrir börn og fullorðna.**

Virka efnið í **Livostin®** er andhistamínið *levókabastínium*, sem hefur sérhæfða, kröftuga og langvarandi verkun. Ekki er ráðlegt að nota mjúkar augnlinsur með **Livostin®** augndropum. Gæta skal sérstakrar varúðar við notkun **Livostin®** hjá sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi. **Lesið vandlega fylgiseðil sem fylgir með lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.**

**Livostin® nefúði og augndropar fást án lyfseðils í apótekum!**



**vistor**

Hörgatúni 2, 210 Garðabæ  
Sími 5357000

*„Ég var búinn að heyra að Erlendur væri miklu eldri en ég og því gerði ég mér litlar vonir. Síðan var bringt í mig mörgum mánuðum seinna og ég spurður hvort ég vildi ekki taka að mér hlutverkið og auðvitað sagði ég já.“*

sannfæringarkraft en að lokum játaði Ingvar að hann hefði tekið einu tilboði. „Þetta var auglýsing fyrir loftkælingu frá Panasonic en þeir voru að leita að einhverjum norrænum,“ segir Ingvar og glottir. Auglýsingin var fyrir Spánarmarkað og blaðamaður ákvað þá og þegar að leita þessa auglýsingu uppi á netinu í þeirri von að finna Ingvar altalandi á spænsku í vel loftkældri íbúð á Mallorca.

#### LEIKARI Á FARALDSFÆTI

Ingvar er meðlimur í leikhópnum Vesturporti sem á síðustu árum hefur ferðast vítt um heiminn. Ferðalögum Ingvars er hvergi nærri lokið. „Í haust fer ég væntanlega að leika í Hamskiptum eftir Frans Kafka í Lyric Hammersmith-leikhúsinu í London,“ segir hann. „Við erum að fara að vinna með leikhússtjóranum David Farr sem leikstýrir verkinu ásamt Gísla Erni Garðarssyni, en Gísli leikur líka í verkinu.“ Ingvar og Gísli eru ekki einu Íslendingarnir sem koma að verkinu því Nína Dögg Filippusdóttir tekur einnig þátt auk þess sem Börkur Jónsson hannar leikmyndina.

Mýrin verður frumsýnd í október á þessu ári. Margir bíða án efa í ofvæni. Hvernig sem fer útkoman forvitnileg og eitthvað sem aldrei hefur sést áður. Leikin, íslensk spennumynd með okkar fremstu leikurum, góðu handriti, bitastæðum hlutverkum og sterkum þjóðfélagsskírskotunum. Nú er bara að bíða og vona að útkoman verði í sama gæðaflokki og hráefnið.





# SUND ER LEIKUR

## AFGREIÐSLUTÍMI LAUGA

Virka daga frá kl. **6:30 - 22:30**

Helgar kl. **8:00 - 22:00**

afgreiðslutími er mismunandi eftir  
sundstöðum, sjá nánar á [www.itr.is](http://www.itr.is)

Stakt gjald fullorðnir **280 kr.**

10 miða kort fullorðnir **2.000 kr.**

Stakt gjald börn **120 kr.**

10 miða kort barna **800 kr.**

Sund er æðislegt

[www.itr.is](http://www.itr.is) | sími 411 5000

Laugarnar í Reykjavík



**SOLAZ:**

## *Eitt albesta kassavínið*

Sumardagar í Vínbúðunum standa nú sem hæst og verða vín á boðstólum á kynningarverði fram að Verslunarmannahelgi. Eitt vína á kynningarverði er spænska vínið Solaz frá vínfyrirtækinu Osborne sem er eitt stærsta vínfyrirtæki Spánar og ekki síst þekkt fyrir sérrí sín og brandí. Víngerðarkonan María Martínez leiðir léttvinsframleiðslu fyrirtækisins og þekkja flestir Montecillo vín hennar frá Rioja. Fyrir nokkrum árum hóf María að framleiða vín sem heitir Solaz og er framleitt í hjarta Spánar, í Kastillíu-héraði. Það hefur slegið í gegn hér á landi og er í hópi vinsælustu vína.

Vínið er blanda af þrúgunum cabernet sauvignon og hinni spænsku tempranillo. Eftir gerjun er vínið látið þroskast á eikartunnum í fjóra mánuði í það minnsta en Osborne er eitt fárra vínfyrirtækja sem framleiða sína eigin tunnur. Vínið þykir einkar hagstæð kaup, vínryrnirinn frægi Robert Parker gefur því 87 í einkunn, segir það ein bestu kaup á markaðnum og undir það tekur tímaritið Wine Enthusiast sem gefur því 85 í einkunn. Vínið fékk einstaklega góða dóma í Morgunblaðinu fyrir eigi alls löngu og Þorri Hringsson, vínryrnir Gestgjafans, taldi þetta eitt albesta kassavínið í úttekkt tímaritsins.

Osborne Solaz er kjörið með grilluðu kjöti, kjúklingi, ostum, pastaréttum og vert er að benda á að fá rauðvín eiga betur við lax. Það er auðdrekkanlegt með miklum ávexti og kryddtónum.

Verð í Vínbúðum 70 cl flaska á 1.050 kr.  
og 3 lítra kassi á kynningarverði á 3.490 kr.



# VÍN Á KYNNINGARVERÐI



# SOÐNIR ÁVEXTIR

## Morgunmatur - eftirrættur ... og allt þar á milli

Umsjón og eldamennska: HALLA BÁRA GESTSDÓTTIR  
Mynd: GUNNAR SVERRISSON

Þegar minnst er á niðursoðna ávexti sjá flestir þá fyrir sér í niðursoðudós og tengja helst við ís, sem var vinsæll eftirrættur á árum áður (en stendur samt alltaf fyrir sínu). Soðnir, heimalagaðir ávextir eru hins vegar ótrúlega góðir og til margra hluta nytsamlegir. Í breskum sjónvarpsþáttum og matreiðslubókum er ekki óalgengt að rekast á slíkar uppskriftir enda eru niðursoðnir ávextir „margnota.“ Þá má nota með þeyttum rjóma, ís, sýrdum rjóma, jógúrt, músli, í kökur, pönnukökur, bökur og á ristað brauð með rjómaosti svo eitthvað sé nefnt. Allt frá morgunmatnum upp í eftirrættinn seint að kvöldi.

Það sem einnig er sérlega sniðugt við þá, er að sjóða má niður ávexti sem liggja kannski undir skemmdum og enginn hefur lyst á og það á alls staðar við, enda er sérlega einfalt að gera þetta, hvort sem er í sumarbústaðnum eða í útilegunni. Afgangnum má síðan skella í krukku, nota daginn eftir eða stinga í frysti og eiga ávextina tilbúna í ljúfan rétt.

Það eina sem þarf að gera er að velja ávexti í soðninguna. Ber, perur, epli, plómur, ferskjur, rabarbara og ananas. Gott er að krydda og gefa bragð með einhverju af eftirtöldu: vanillustöng, kanilstöng, stjörnuanis, negulnögglum, appelsínuberki, sítrónuberki, fersku engifer, myntu, basilíku og sítrónumelissu. Smá vindreytill, eins og tærir líkjörar, romm og sérrý gefa einnig gott bragð.

Fyrir fjóra má miða við að nota fimm ávexti og hnefayfylli af berjum. Bragðbæta með hálfri vanillustöng og 1 1/2 til 2 dl af sykri. Börkur af 1/4 sítrónu eða appelsínu getur einnig farið með. Byrjið á að setja einn bolla af vatni í pott, hella sykrinum saman við og leysa hann upp. Opnið vanillustöngina, skafið fræin innan úr og setjið út í vatnið ásamt berkinum eða því sem þið hyggist bragðbæta með. Það er ykkar val hversu smátt þið viljið skera niður ávextina en gætið að því að hafa bitana í sömu stærð upp á suðutíma. Þegar suðan er komin upp fara þeir ávextir út í vatnið sem eru harðari og stinnari. Látið þá sjóða í fimm til sex mínútur eða þar til mjúkir. Þá fara mjúkir og minni ávextir saman við og allt er látið sjóða í tvær til þrjár mínútur. Slökkvið þá undir pottinum og látið ávextina standa í sýrópinu um stund og mýkjast í hitanum. Athugið að það er einnig undir ykkur komið hversu lengi þið sjóðið ávextina, hversu mjúka þið viljið hafa þá, og eins hvort þið berið þá fram heita eða kalda, með eða án sýróps.





SUMIR SJÁ  
STAÐ Á KORTINU



AÐRIR SJÁ STAÐ Í SÖGUNNI

Eftir að hafa fengið sig fullsaddann af dökkum og óáhugaverðum bjór síns tíma tókst bruggeistara einum að brugga bjór sem var frábrugðinn öllum öðrum, Pilsner Urquell. Þetta var árið 1842.

Með því að nota tært vatn, hina einstöku Saaz humla og byltingarkennda bruggtækni, kom hann bænum Pilsen í Tékklandi tryggilega inn á landakortið og vínveitingahús um allan heim tóku þessum nýja myði fagnandi.

Þetta var fyrsti gullni bjórinn sem kynntur var fyrir heimsbyggðinni og skartaði því bragði sem af flestum nú til dags er þekkt sem hið eina sanna bjórbragð. Prófaðu hann og dragðu þínar eigin ályktanir.



UPPLIFÐU HVERNIG BJÓR Á AÐ BRAGÐAST

# Tunglið stjórnar opnunartímanum

Fimm ungir listamenn hafa hreiðrað um sig úti í Gróttu á Seltjarnarnesi og stofnað þar nýlenduna Eiland. Sýningin verður opin í allt sumar en gestir verða að gæta sín á sjávarföllunum.

Texti: ÞÓRGUNNUR ODDSDÓTTIR

Myndir: STEFÁN

Það er hjart sumarvöld þegar blaðamaður Birtu fær sér göngutúr út í Gróttu til þess að skoða sýninguna Eiland. Nafnið vísar til þess að Gróttu er einskismannsland og hvort tveggja í senn eyja og partur af meginlandinu. Verkin á sýningunni eru innblásin af staðnum sjálfum enda ekki annað hægt en að láta heillast af stað sem þessum. Það hafa listamennirnir í það minnsta gert.

## VITAVÖRÐURINN

Fríðrik Örn Hjaltsted, Hrafnkell Sigurðsson, Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Haraldur Jónsson og Ragnar Kjartansson eru fólkið á bak við Eiland. Í vitanum sýnir Fríðrik Örn ljósmyndir af vitum og þar er einnig að finna hljóð- og vídeó-verk eftir Ásdísi Sif og Harald. Í gamla vitavarðarhúsinu sýna Ragnar, Hrafnkell og Haraldur myndverk en auk þess leynast ýmis listaverk úti undir berum himni. Útburður Haraldar grætur við sjávarkambinn og útiverk eftir Hrafnkel lætur gesti halda að fjörleg útihátíð hafi átt sér stað í Gróttu.

Vitnn er það sem laðar blaðamann fyrst til sín og eftir að hafa dáðst að þeim verkum sem þar eru til sýnis taldi blaðamaður í sig kjark til þess að þrila upp brattan stigann og upp á svalirnar. Þar tók Rósa Birgitta Ísfeld, framleiðandi sýningarinnar, á móti honum. „Ég er orðin þaulvanur vitavörður,“ segir Rósa og hlær um leið og hún bendir blaðamanni á útsýnið sem er hreint stórkostlegt. „Mig hafði alltaf langað að koma í þennan vita en hann hefur verið lokaður almenningi áratugum saman. Það var því undarleg tilfinning þegar mér voru veitt lykjavöld yfir honum,“ segir Rósa og bætir því við að hópurinn hafi dvalið út í Gróttu síðustu vikurnar og sé því orðinn kunnugur öllum krókum og kimum á svæðinu.

## FLÓÐ OG FJARA

Sýningin hefur verið í undirbúningi síðan í september á síðasta ári en var opnuð þann 15 júlí síðastliðinn. Að sögn Rósu hafa fjölmargir lagt leið sína út í Gróttu til þess að njóta sýningarinnar. „Það er nátt-



Vitinn er skemmtilegt sýningarrými. Þar er meðal annars að finna ljósmyndir Fríðriks Arnar af vitum.



Rósa Birgitta er framleiðandi sýningarinnar og getur með sanni titlað sig vitavörð þessa dagana.



Kaffihúsið laðar til sín gesti. Þar er meira að segja þráðlaust netsamband.

úrulega alltaf vinsælt að fá sér göngutúr út í Gróttu og núna þegar það er eitthvað um að vera hérna eru fleiri sem ákveða að kíkja. Fólk verður hins vegar að gæta sín á sjávarföllunum því hingað er aðeins fært á fjöru. Það má því eiginlega segja að tunglið stjórni opunar-tímanum,“ segir Rósa og hlær. Menn þurfa þó ekki að óttast að verða innlyksa í Gróttu þegar flæðir að því Friðrik Örn er með bát á staðnum og getur því flutt menn í land. „Svo erum við líka með gjallarhorn sem við grípum til ef við þurfum að vara fólk við,“ segir Rósa. Í fræðasetrinu í Gróttu hafa listamennirnir opnað kaffihúsið Eiland kaffi. „Það var ágætis aðstaða þarna en við vildum ná að skapa svona notalega kaffihúsa-stemningu,“ segir Rósa. „Við fórum því í Góða hirðinn og keyptum gömul húsgögn. Svo bjóðum við upp á ýmsar veitingar og erum meira að segja með þráðlaust netsamband svo það er ekki amalegt að koma hingað til þess að fá sér kaffibolla og setjast niður í spjall,“ segir Rósa.

#### MARGT UM AÐ VERA

Á kaffihúsinu rekst blaðamaður á Friðrik Örn sem hefur undanfarin misseri flakkað hringinn í kringum landið og tekið myndir



Rauð Sírena. Brot úr verkum Ásdísar Sifjar.



Útilistaverk Hrafnkels minnir á útihátíðarsvæði á mánudagsmorgni.

#### EILAND

Upplýsingar um sýninguna er að finna á heimasíðunni [www.eiland.is](http://www.eiland.is). Þar eru einnig upplýsingar um flóð og fjöru.

af vitum við sjávarsíðuna. Vitamyndirnar hans skapa skemmtilega stemningu í Gróttuvita en allar myndirnar sem sýndar eru þar eru af vitum sem sjást frá Gróttu. Friðrik segir að það hafi verið nóg að gera á kaffihúsinu frá því það var opnað. „Margir sem búa kannski í Vesturbænum eða á Nesinu hafa aldrei komið hingað út eftir en eru nú farnir að koma kannski tvisvar, þrisvar til þess að kíkja á kaffihúsið og sýninguna,“ segir Friðrik og bætir því við að það hafi komið honum á óvart hve margir útlendingar hafi komið á sýninguna. „Sýningin er afar fjölbreytileg og ekki bara hvað verkin varðar heldur líka sýningarrýmið. Hér erum við með vita á fimm hæðum og þriggja hæða vitavardarhús auk skemmtilegs umhverfis fyrir útilistaverk,“ segir Friðrik.

Eiland verður opið fram yfir menningarnótt og listamennirnir stefna á að vera með ýmsar upptakomur. „Þetta er allt á frumstigi ennþá en við verðum með einhverja viðburði tengda menningarnótt og Gay Pride. Svo eru líka tónleikar í bígerð með Trabant, Sometime og fleiri hljómsveitum,“ segir Friðrik um leið og blaðamaður kveður. Enda ekki seinna vænna - það er farið að flæða að.

# Töffari sem lætur til sín taka

» Lily Allen er 21 árs töffari sem hefur gert allt vitlaust á veraldarvefnum upp á síðkastið. Hún semur og syngur sína eigin tónlist og það fer vel í fólk úti um allan heim.

Texti: LILJA KATRÍN

Myndir: GETTY IMAGES OG AF

NETSÍÐUNNI LILYALLENMUSIC.COM

Heimildir: LILYALLENMUSIC.COM

Lily fæddist í Hammersmith á Englandi og varð tónlistin bráðlega ástríða hennar í lífinu. „Ég hlustaði á pönk, ska og reggi þegar ég ólst upp, þökk sé plötusafni foreldra minna. Á æskuárum mínum fluttumst við á milli staða í London og ég reyndi að hlusta á hvað sem á vegi mínum varð. Ég fór í þrettán mismunandi skóla þannig að ég fékk aldrei tíma til að mynda góð vináttubönd og tónlistin varð líflínan mín,“ segir Lily sem var uppreisnar-seggur í æsku. „Ég var rekin úr hinum ýmsu skólum og var þar af leiðandi send í heimavistarskóla. En ég strauk til Glastonbury þegar ég var fjórtán ára. Þá hlustaði ég mikið á jungle og drum and bass og var ekki mikið gefin fyrir lög og reglur. Ég held að ég hafi vitað það frá unga aldri að ég gæti aldrei unnið starf þar sem ég þyrfti að sitja við skrifborð allan daginn.“

Lily hætti í skóla aðeins fimmtán ára þegar henni varð ljóst að hún þyrfti að svala sköpunarþörfinni. „Ég las alltaf mikið. Það var mjög pirrandi að skipta svona mikið um skóla því ég fann tilfinningum mínum engan stað. Bækur og tónlist hjálpuðu mér að gera það. Mér fannst eins og ég gæti látið á mér bera en mig langaði að skrifa um minn eigin heim á skemmtilegan hátt. Svo ég gerði það,“ segir Lily um upphafið á tónlistarferlinum.

Lily gerði samning við útgáfufyrirtækið Parlophone í desember og hefur hún fengið mikið lof fyrir tónlist sína á vefsamfélaginu myspace.com síðan þá. „Síðan í desember er allt búið að vera vitlaust. Stuðningur minn á netinu jókst strax og síðan byrjaði ég að heyra lögín mín í útvarpinu. Ég er dálítið dösuð út af allri þessari jákvæðu umfjöllun. En ég er hamingjusöm og ég veit að lögín mín uppfylla væntingar aðdáenda minna.“

Lily er með afskaplega þroskaðan tónlistarsmekk og erfitt er að trúá því að um slíkt unglamb sé að ræða þegar lítið er á textasmíð hennar. Meðal þeirra sem hún hlustar á eru The Specials, Rip Rig and Panic, T.Rex, The Slits, Blondie, Kate Bush, Prince, Eminem og Wreckless Eric og gætir áhrifa margra þessara listamanna í tónlist hennar.

Þegar öllu er á botninn hvolft er Lily mögnuð stelpa sem hefur að minnsta kosti enn sem komið er ekki látið ginnast til þess að nota kynþokka sinn sem söluvöru, heldur kemur fram á eigin verðleikum. Það er því óhætt að fylgjast vel með þessari skvísu í framtíðinni þar sem hún á eflaust eftir að komast langt.



Lily er ekki eins og stallsystur hennar í skemmtanabransanum vestanhafs og lætur tónlistina tala - ekki líkamann.



Nýja platan hennar Lily Allen, Alright still, er nýkomin út.

VINIR  
AKUREYRAR  
KYNNA  
FJÖLSKYLDUHÁTÍÐINA  
EIN MEÐ ÖLLU  
2006



www.akureyri.is  
**Akureyri**  
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

TÍVOLÍ UK  
SYNGJANDI TRÚÐAR  
AFRIKA LOLE  
PÁLL ÓSKAR  
ÁVAXTAKARFAN  
RAKARASTOFUKVARTETT



18  
ÁRA  
ALDURSTAKMARK  
Á TJALDSVEIÐUM  
- NEMA Í FYKGI  
FORRÁÐAMANNIS



EIN  
MEÐ ÖLLU  
4.-7. ÁGÚST 2006

GUÐSPJÓNUSTUR  
SKEMMTISIGLINGAR  
RATLEIKIR  
GRILLVEISLUR  
BREKKU- OG STÚKUSÖNGUR  
FLUGELDASÝNING

GEIMSTOFAN

# FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ Á AKUREYRI

SÁLIN HANS JÓNS MÍNS • SKÍMÓ • GREIFARNIR • LAND & SYNIR • EUROBANDIÐ  
HELGI OG HLJÓDFÆRALEIKARARNIR • SENT • ÍNA IDOL OG HLJÓMSVEIT • APOLLO • UNGLINGADANSLEIKIR  
TÓTI TANNÁLFUR OG JÓSAFAT MANNAHRELLIR • GUFFI BANANI OG PALLA PERA • TORTÍMANDINN • KAJA • GO KART  
KARLAKÓR AKUREYRAR-GEYSIR • HREIMUR Í LANDI & SONUM OG VIGNIR Í ÍRAFÁRI • KUNG FU • TEN STEPS AWAY  
RAKARASTOFUKVARTETTINN ELMAR • SESSÝ OG SJONNI • RAGNHEIÐUR SARA • SKÚLI GAUTASON • SIXTIES  
GUÐRÚN GUNNARSÓTTIR OG FRÍDRÍK ÓMAR • SIGRÚN VALA • LÚÐRASVEIT AKUREYRAR • SKRÚÐGÖNGUR  
REGÍNA ÓSK OG FRÍDRÍK ÓMAR • SIGGA BEINTEINS, GRÉTAR ÖRVARA & CO. ...OG MARGT FLEIRA!



SJÁ DAGSKRÁ HÁTÍÐARINNAR Á [WWW.VERSLUNARMANNAHELGIN.IS](http://WWW.VERSLUNARMANNAHELGIN.IS) OG [WWW.AKUREYRI.IS](http://WWW.AKUREYRI.IS)



# Falleg föt & fylgihlutir

*Kynning*



Kiss - Kringlunni  
Verð kr. 4.990  
Einnig til silfrað



Kiss - Kringlunni  
Verð kr. 3.490  
Einnig til í hvítu & svörtu



Gallabuxnabúðin - Kringlunni  
Verð kr. 5.900



Next - Kringlunni  
Verð kr. 5.590



Company's - Kringlunni  
Verð kr. 8.990



Company's - Kringlunni  
Verð kr. 3.990





Next - Kringlunni  
Verð kr. 9.390



Next - Kringlunni  
Verð kr. 2.874



Next - Kringlunni  
Verð kr. 5.934



Companys - Kringlunni  
Verð kr. 2.990



Companys - Kringlunni  
Verð kr. 3.995



Mona - Laugavegi  
Verð kr. 13.600



# STÍLL STJARNANNA

## *Alræmt partíljón*

Paris Hilton hefur vakið mikla athygli hin síðari ár og myndir af henni birst um víðan heim. Fyrst og síðast er Paris erfingi hins mikla Hilton-aúðs en fyrir utan að vera fræg yfirstéttarstúlka hefur Paris reynt fyrir sér sem fyrirsæta, leikari, söngvari, rithöfundur, hönnuður og snyrtivöruframleiðandi. Þá má ekki gleyma að nefna samkvæmislífið, en Paris er alræmt partíljón. Hún nýtir hvert tækifæri sem gefst til að klæðast nýjustu tísku og stilla sér upp fyrir hvern þann ljósmyndara sem áhuga hefur.



Eyrnalokkar úr Kiss, 450 krónur.  
Spöng úr Eik, 300 krónur.  
Belti úr Oasis, 1.800 krónur.  
Blússa úr Oasis, 2.995 krónur.  
Gallabuxur úr Levi's, 11.990 krónur.  
Skór úr Aldo, 7.990 krónur.





**ÚTSALA**



**GYLLTI KÖTTURINN**  
**Austurstræti 8**



GYLLTI KÖTTURINN

**ÚTSALA**

## Brynhildur Björnsdóttir elur upp



### Miði er möguleiki

